

**Nd.**

**142. Frumvarp til laga**

**[87. mál]**

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Flm.: Helgi Jónasson, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Á eftir VII. c. í 11. gr. laganna komi nýr stafliður, þannig:

- d. Geymsluhús fyrir garðávexti, enda séu þau svo vönduð, að þar sé örugg vetrar-  
geymsla fyrir vörunar, kr. 3.00 pr. m<sup>2</sup>.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Víða á landinu er mikil þörf geymsluhúsa fyrir kartöflur og aðra garðávexti. Virðist réttmætt, að þær byggingar séu styrktar með ríkisframlagi samkv. jarðræktarlögunum.